



ÍSí úthlutar rúmlega 512 m.kr. úr Afrekssjóði ÍSí

Framkvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands hefur samþykkt tillögur stjórnar Afrekssjóðs ÍSí að úthlutun Afrekssjóðs ÍSí fyrir árið 2024 en styrkveitingar ÍSí til sambandsaðila nema alls rúmlega 512 milljónum króna.

Framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSí vegna verkefna ársins 2024 er 392 m.kr. en framlagið hefur verið óbreytt síðustu ár. Afrekssjóður er einnig fjármagnaður með hlutdeild úr tekjum íþróttahreyfingarinnar frá Íslenskri getspá, samkvæmt ákvörðun Íþróttapings ÍSí.

Til Afrekssjóðs ÍSí bárust umsóknir frá 32 sérsamböndum og hlutu þau öll styrk vegna afreksíþróttastarfs og landsliðsverkefna.

Heildarkostnaður afreksíþróttastarfs hjá þeim séramböndum sem sóttu um til Afrekssjóðs ÍSí vegna ársins 2024 er áætlaður nema um 2.108 m.kr. og er stuðningur sjóðsins því um 24% af heildarkostnaði afreksstarfs þeirra sérsambanda sem sóttu um, sem er aðeins hærri prósentu en á síðasta ári.


Breyting var gerð á reglugerð um Afrekssjóð ÍSí í nóvember 2023. Helstu breytingar voru þær að nú eru sérsambönd flokkuð í tvo afreksflokka í stað þriggja áður, þ.e. Afrekssér sambönd og Verkefnasér sambönd. Fer flokkunin að mestu eftir umfangi alþjóðlegrar mótaþátttöku og alþjóðlegum árangri. Sjá yfirlit um flokkun sér sambanda í frétt á heimasíðu ÍSí.

Eftirfarandi er skipting úthlutunar 2024 í áhersluþætti;

 Yfirlit yfir áherslur í styrkjum til sér sambanda ÍSí úr Afrekssjóði ÍSí fyrir árið 2024				
	Afrekssér sambönd	Verkefnasér sambönd	Samtals	% innan flokks
Grunnstyrkir	0	7.700.000	7.700.000	1,50%
Vegna starfsmannakostnaðar/Stöðugildi	63.145.000	0	63.145.000	12,33%
Vegna heilbrigðisteymis	28.670.000	0	28.670.000	5,60%
Vegna HM/EM þátttöku	73.710.000	0	73.710.000	14,39%
Vegna HM/EM lokamóts í hópiþróttum	10.000.000	0	10.000.000	1,95%
Vegna hæfileikamótunar	29.640.000	5.962.500	35.602.500	6,95%
Vegna árangurs ungmenna	18.545.000	0	18.545.000	3,62%
Alls	223.710.000	13.662.500	237.372.500	46,35%
Umfang afreksstarfs	177.219.913	0	177.219.913	34,60%
Styrkir vegna einstaklinga	43.500.000	2.500.000	46.000.000	8,98%
Styrkir vegna ÓL/PL undirbúnings	29.000.000	1.000.000	30.000.000	5,86%
Aðrir þættir	0	0	0	0,00%
25% jöfnun	14.120.685	7.430.000	21.550.685	4,21%
Alls	263.840.598	10.930.000	274.770.598	100%
Samtals	487.550.598	24.592.500	512.143.098	100%

Reglugerð ÍSÍ um Afrekssjóð ÍSÍ.

Heildarúthlutun pr. sérsamband fyrir árið 2024:

		Yfirlit yfir styrki til sérsambanda ÍSÍ úr Afrekssjóði ÍSÍ fyrir árið 2024	
Sérsamband		Úthlutun	
AKÍ	Akstur síþróttasamband Íslands	812.500	
BFSÍ	Bogfimisamband Íslands	15.521.000	
BLÍ	Blaksamband Íslands	6.825.000	
BSÍ	Badminton samband Íslands	8.550.000	
BTÍ	Borðtennissamband Íslands	1.417.500	
DSÍ	Dansíþróttasamband Íslands	8.513.000	
FRÍ	Frjálssíþróttasamband Íslands	37.998.000	
FSÍ	Fimleikasamband Íslands	49.532.000	
GSÍ	Golfsamband Íslands	29.550.000	
HNÍ	Hnefaleikasamband Íslands	1.462.500	
HRÍ	Hjólreiðasamband Íslands	2.475.000	
HSÍ	Handknattleikssamband Íslands	84.857.000	
ÍF	Íþróttasamband fatlaðra	26.351.000	
ÍHÍ	Íshökkísamband Íslands	11.416.098	
ÍSS	Skautasamband Íslands	1.725.000	
JSÍ	Júdósamband Íslands	8.438.000	
KAÍ	Karat esamband Íslands	7.106.000	
KKÍ	Körfuknattleikssamband Íslands	33.967.000	
KÍ	Klífur samband Íslands	9.152.000	
KLÍ	Keilusamband Íslands	13.953.000	
KRA	Kraftlyftingasamband Íslands	22.484.000	
LH	Landssamband hestamannafélaga	9.338.000	
LSÍ	Lyftingasamband Íslands	18.216.000	
MSÍ	Mótorhjóra- og snjósleðaíþróttasamband Íslands	1.400.000	
SÍL	Siglingasamband Íslands	1.150.000	
SKÍ	Skíðasamband Íslands	33.716.000	
SKY	Skylmingasamband Íslands	8.588.000	
SSÍ	Sundsamband Íslands	39.812.500	
TKÍ	Taekwondosamband Íslands	1.950.000	
STÍ	Skotíþróttasamband Íslands	10.492.000	
TSÍ	Tennissamband Íslands	1.725.000	
ÞRÍ	Þríþrautar samband Íslands	3.650.000	
		Samtals:	512.143.098